

Undirritaðir aðilar, **sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra** f.h. íslenska ríkisins og **Bændasamtök Íslands**, hafa með vísan til 30. gr. bívörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum og 20 gr. rammasamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins dags. 19. febrúar 2016 orðið sammála um svohljóðandi:

## SAMKOMULAG

### **um breytingar á rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins frá 19. febrúar 2016**

#### **1. gr.**

##### **Markmið samkomulags**

Markmið samkomulagsins er meðal annars að stuðla að framþróun og nýsköpun í framleiðslu með áherslu á aðgerðir í loftlagsmálum og fjölbætta stefnumótun. Landbúnaður á Íslandi er burðarás í atvinnulífi hinna dreifðu byggða í landinu. Samningi þessum er ætlað hvetja til aukinnar verðmætasköpunar, hagkvæmni, sjálfbærni, fjölbreytileika og nýsköpunar í greininni.

Samningsaðilar eru sammála um að strangar kröfur eigi að gilda um dýravelferð, hreinleika og heilbrigði ásamt því að fæðu- og matvælaöryggi bjóðarinnar þarf að vera í fyrirrúmi. Tryggja verður að bæði innlend framleiðsla og innfluttar landbúnaðarafurðir feli ekki í sér sýkingarhættu fyrir innlenda bústofna. Traust umgjörð um merkingar á búvöru meðal annars hvað varðar uppruna og framleiðsluhætti sameinar hagsmuni bænda og neytenda.

Markmið gildandi rammasamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins standa auk þess óbreytt. Samkomulag þetta er liður í endurskoðun rammasamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins frá 19. febrúar 2016, skv. 20. gr. samningsins.

#### **2. gr.**

##### **Loftslagsmál**

Markmið samningsaðila er að íslenskur landbúnaður verði að fullu kolefnisjafnaður eigi síðar en árið 2040. Þetta verði m.a. gert með því að byggja upp þekkingu á losun og bindingu kolefnis, vinna að bættri meðhöndlun og nýtingu aðfanga og áburðar, minni sóun, markvissri jarðrækt, aukinni sjálfbærni og öðrum þeim aðgerðum er miða að því að kolefnisjafna búskap. Skal stefnt að því að allar íslenskar landbúnaðarafurðir verði vottaðar sem kolefnishlutlausar fyrir árið 2040.

Framangreindar áherslur falla vel að öðrum verkefnum á sviði kolefnisbindingar svo sem skógrækt, sem og áherslum stjórnvalda. Samningsaðilar munu horfa til heildraennar nálgunar þar sem stefnumörkun í loftlagsmálum, orkumálum, atvinnumálum, byggðamálum og fleiri veigamiklum þáttum, ásamt matvælastefnu, fer saman við aðgerðir sem aðilar takast á hendur í því skyni að ná fram samlegðaráhrifum og settum markmiðum.

Meðal helstu forsenda fyrir því að framangreindum markmiðum verði náð er að auka enn frekar þekkingu bænda á landi sínu og ræktun og efla um leið getu þeirra og úrræði til að auka bindingu kolefnis og draga úr losun. Því þarf að auka beina ráðgjöf og fræðslu fyrir bændur um framangreind atriði. Jafnframt verði skoðað að innleiða fjárhagslega hvata til að ná enn frekari árangri í að auka bindingu. Nauðsynlegt er að þekkja vel möguleika hvers framleiðenda og byggja upp gagnsætt og vottað umhverfi um verkefnið.

Af hálfu stjórnvalda er fyrirhugað að verja verulegum fjármunum til aðgerða á sviði loftslagsmála á næstu árum. Samningsaðilar telja þýðingarmikið að þar verði stutt við framangreind markmið og munu gera sérstaka samninga um slík verkefni, eftir því sem aðstæður leyfa á gildistíma samkomulagsins.

#### **3. gr.**

##### **Kynbótaverkefni og þróunarþjármunir**

Samkvæmt samkomulagi um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða dags. 14. maí 2020 greiðir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sérstaklega framlög til kynbótaverkefna og þróunarfjármuna í garðyrkju. Með vísan til þess verða gerðar breytingar á 4. og 11. gr. samningsins þar sem garðyrkjan er undanskilin auk þess sem hluti fjármagns þeirra liða færist til samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða.

#### **4. gr.**

#### **Jarðræktarstyrkir**

Samkvæmt samkomulagi um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða dags. 14. maí 2020 verða veittir jarðræktarstyrkir til útiræktunar á grænmeti og garðávöxtum til manneldis frá og með árinu 2021. Með vísan til þess verður gerð breyting á 5. gr. samningsins þar sem jarðræktarstyrkir til útiræktunar á grænmeti og garðávöxtum til manneldis eru undanskildir auk þess sem hluti fjármagns liðarins færist til samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða.

#### **5. gr.**

#### **Lífræn framleiðsla**

Samkvæmt samkomulagi um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða dags. 14. maí 2020 greiðir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sérstaklega framlög til aðlögunar að lífrænum framleiðsluháttum í garðyrkju. Með vísan til þess verður gerð breyting á 7. gr. samningsins sem kveður á um að framleiðendur í garðyrkju séu undanskildir enda eigi þeir kost á sambærilegum styrkjum samkvæmt samkomulagi um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða.

#### **6. gr.**

#### **Þróunarfjármunir búgreina**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið greiðir þróunarfé til verkefna samkvæmt 11. gr. rammasamnings um almennan stuðning við landbúnað frá 1. janúar 2021. Ráðstöfunin fer fram að fenginni umsögn fagráða í viðkomandi greinum.

Skipting framlaga milli búgreina skal vera með þeim hætti að 23% renni til til nautgriparæktar og 77% til sauðfjárræktar. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið yfirtekur þar með samning sem í gildi er milli ráðuneytisins, Framleiðnisjóðs og Bændasamtaka Íslands um umsýslu þróunarfjármuna og þar með skuldbindandi styrkloforð sem þá eru í gildi.

#### **7. gr.**

#### **Matvælasjóður**

Sbr. lög nr. 31/2020 um Matvælasjóð félru lög um Framleiðnisjóð nr. 89/1966 úr gildi þann 31. desember 2020. Matvælasjóður tók þar með við öllum eignum hans og skuldbindingum frá þeim tíma, sjá þó 6. gr. Með vísan til þess verða árleg framlög vegna 13. gr. gildandi samnings greidd til Matvælasjóðs á árunum 2021-2026, en áðurnefnd 13. grein felld úr gildi. Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Ársskýrslur Matvælasjóðs skal taka til umræðu í framkvæmdanefnd búvorusamninga út gildistíma rammasamnings.

#### **8. gr.**

#### **Landbúnaðarstefna**

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setti í september 2020 af stað vinnu við móton landbúnaðarstefnu fyrir Ísland um sameiginlega sýn og skýrar áherslur til framtíðar, með aðkomu samtaka bænda og annarra hagaðila. Taka skal mið af þeirri stefnu við endurskoðun búvorusamninga árið 2023.

#### **9. gr.**

#### **Gagnagrunnur**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vinnur að því að setja á fót gagnagrunn og mælaborð sem heldur utan um upplýsingar um matvælaframleiðslu á sviði landbúnaðar á Íslandi. Nauðsynlegt þykir að hafa yfirsýn yfir framleiðslu, sölu og birgðir í landinu m.a. vegna fæðuöryggis og slíkur

gagnagrunnur eykur gagnsæi. Framleiðendur sem njóta stuðnings og styrkja á grundvelli rammasamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins skuldbinda sig til að veita upplýsingar til skráningar í gagnagrunninn.

#### **10. gr. Tollvernd**

Tollvernd er hluti af starfsskilyrðum landbúnaðarins. Aðilar eru sammála um að þróun tollverndar þarfnið áframhaldandi skoðunar í kjölfar nýlegrar skýrslu sem unnin var fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Þá eru samningsaðilar sammála um að forsendur fyrir tollasamningi Íslands og ESB sem tók gildi í maí 2018 eru breyttar, sérstaklega hvað varða útflutningstækifæri. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra hefur þegar óskað eftir endurskoðun samningsins. Samningsaðilar eru sammála um að meginmarkmið endurskoðunar samningsins verði að auka jafnvægi milli skuldbindinga samningsaðila út frá ávinningi af samningnum.

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur skipað starfshóp sem er ætlað að greina og koma með tillögur að úrbótum varðandi skjölun og eftirfylgni tollafreiðslu ákeðinna tegunda landbúnaðarvara vegna mögulegs misrämis í gögnum um innflutning landbúnaðarafurða. Þegar niðurstaða vinnunnar liggur fyrir munu stjórnvöld kynna Bændasamtökunum niðurstöður og fyrirhuguð viðbrögð.

#### **11. gr. Gildistími**

Samkomulag þetta tekur gildi við undirritun og gildir til 31. desember 2026. Breytingar á rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins frá 19. febrúar 2016 taka gildi frá og með 1. janúar 2021.

#### **12. gr. Ýmis ákvæði**

Öll ákvæði rammasamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins frá 19. febrúar 2016 sem er ekki breytt á grundvelli samkomulags þessa standa óbreytt.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið mun fyrir 15. febrúar 2021 hefja vinnu við endurskoðun reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað. Kallað verður eftir sjónarmiðum Bændasamtaka Íslands við þá vinnu.

Grein 3.2. fellur úr gildi með samkomulagi þessu með vísan til samkomulags um lífeyrisskuldbindingar sem undirritað var 19. október 2018.

Bókun um byggðamál fellur úr gildi með vísan til skýrslu sem skilað var til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í október 2016.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið tekur við umsjón úttekta skv. 5. grein. Af þeim sökum lækkar fjárveiting til leiðbeiningaþjónustu um 20 m. kr. og 3. málslíður greinar 3.1. fellur niður.

Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 5., 6., 7., 9. og 10. gr. kemur: atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Frá og með árinu 2021 renna fjármunir til Bændasamtaka Íslands samkvæmt töflu í viðauka I. Þeim fjármunum skal varið til að mæta kostnaði við svo sem gerð, kynningu og atkvæðagreiðslur um búvorusamninga, sem og við verkefni sem samtökunum eru falin með lögum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum eins og störf í framkvæmdanefnd búvorusamninga, verðlagsnefnd búvöru og önnur sambærileg. Þessum fjármunum verður einnig varið til útfærslu og gerð búvörumerkis. Það verkefni verður unnið af BÍ í samræmi við sérstakt samkomulag ANR og BÍ. BÍ skal fyrir 1. mars ár hvert gera grein fyrir ráðstöfun fjármuna á undangengnu ári samkvæmt þessari grein.

Endurskoðuð skipting framlaga kemur fram í töflu 1 í viðauka I sem fylgir samkomulagi þessu. Skal viðaukinn skoðast sem hluti samkomulagins og kemur tafla 1 í viðaukanum í stað töflu 1 í viðauka I í gildandi samningi.

Af samkomulagi þessu, auk töflu sem skoðast sem hluti samningsins, eru gerð þrjú samhljóða frumrit og skulu þau varðveitt hjá samningsaðilum, eitt hjá hverjum. Öllu framangreindu til staðfestingar rita til þess bærir aðilar nöfn sín hér að neðan.

Samkomulag þetta er undirritað f.h. íslenska ríkisins með fyrirvara um samþykki Alþingis á nauðsynlegum lagabreytingum.

Samkomulag þetta er undirritað af hálfu Bændasamtaka Íslands með fyrirvara um samþykki stjórnar samtakanna.

*Reykjavík, dags. 4. febrúar 2021.*

F.h. ríkisstjórnar Íslands

F.h. Bændasamtaka Íslands

---

Kristján Þór Júlíusson  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

---

Gunnar Þorgeirsson  
Formaður Bændasamtaka Íslands

---

Bjarni Benediktsson  
fjármála- og efnahagsráðherra

Vottur:

---

Unnur Brá Konráðsdóttir  
formaður samninganefndar ríkis

## Viðauki I

**Tafla I** – fjárhæðir á verðlagi ársins 2021 í milljónum króna.

	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Leiðbeiningaþjónusta	344	326	306	286	266	246
Kynbótaverkefni	19	19	19	19	18	18
Jarðræktarstyrkir	380	379	376	373	371	368
Þróunarfjármunir búgreina	61	61	60	60	59	58
Lífræn framleiðsla	37	37	37	37	37	36
Skógarafurðir	17	16	16	16	16	16
Fjárfestingastyrkir í svínarækt	53	0	0	0	0	0
Landgreiðslur	378	378	376	375	373	372
Mat á gróðurauðlindum	33	32	32	32	31	31
Nýliðun	138	137	136	135	135	134
Geitfjárrækt	16	16	16	16	16	16
Erfðanefnd landbúnaðarins	8	7	7	7	7	7
Framlag til Bændasamtaka Íslands	50	50	50	50	50	50
<b>Samtals rammasamningur</b>	<b>1.534</b>	<b>1.459</b>	<b>1.432</b>	<b>1.405</b>	<b>1.379</b>	<b>1.352</b>

**Tafla II** – breytingar vegna þessa samkomulags og tilfærslna sbr. samkomulag um endurskoðun á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða - fjárhæðir á verðlagi ársins 2021 í milljónum króna.

	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Leiðbeiningaþjónusta <sup>1</sup>	26	26	26	27	27	27
Kynbótaverkefni <sup>2</sup>	-47	-47	-47	-47	-47	-46
Jarðræktarstyrkir <sup>3</sup>	-31	-31	-32	-32	-32	-32
Þróunarfjármunir búgreina <sup>4</sup>	-40	-40	-40	-40	-40	-40
Lífræn framleiðsla	-1	-1	-1	-1	-1	-1
Skógarafurðir	0	-1	-1	-1	-1	-1
Fjárfestingastyrkir í svínarækt	-2	0	0	0	0	0
Landgreiðslur	-13	-13	-14	-14	-14	-14
Mat á gróðurauðlindum	0	-1	-1	-1	-1	-1
Nýliðun	-5	-5	-5	-5	-5	-5
Geitfjárrækt	-1	-1	-1	-1	-1	-1
Erfðanefnd landbúnaðarins	0	0	0	0	0	0
Framlag til Bændasamtaka Íslands <sup>5</sup>	50	50	50	50	50	50
<b>Samtals tilfærslur í garðyrkjusamning</b>	<b>-65</b>	<b>-65</b>	<b>-65</b>	<b>-65</b>	<b>-65</b>	<b>-65</b>
<b>Samtals aðrar breytingar<sup>5*</sup></b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>

<sup>1</sup> Fjármunir vegna kynbótaskýrsluhalds færðir af liðnum Kynbótaverkefni á Leiðbeiningaþjónustu (37 m.kr.), auk þess eru tilfærslur á nýjan lið sbr. 12. gr.<sup>5</sup>

<sup>2</sup> Fjármunir færðir á liðinn Leiðbeiningaþjónusta (37 m.kr.) og í samning um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða (9 m.kr.), auk þess eru tilfærslur á nýjan lið sbr. 12. gr.<sup>5</sup>.

<sup>3</sup> Fjármunir færðir í samning um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða (18 m.kr.), auk þess eru tilfærslur á nýjan lið sbr. 12. gr.<sup>5</sup>

<sup>4</sup> Fjármunir færðir í samning um starfskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða (38 m.kr.), auk þess eru tilfærslur á nýjan lið sbr. 12. gr.<sup>5</sup>

<sup>5</sup> Nýr liður sbr. 12. gr. þessa samkomulags. Fjármunir færðir hlutfallslega af öðrum liðum samnings og eru þær breytingar sýndar í töflu II.

\* Matvælasjóður mun taka við eignum og skuldbindingum Framleiðnisjóðs sbr. 7. gr. þessa samkomulags. Matvælasjóður er meðal annars fjármagnaður af samningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins frá 19. febrúar 2016.